

Nr. 17-132 S 100 Huginn VE 55***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2411
IMO.nr 9211690
Útgerð: Huginn ehf.
Smíðaður: Chile 2001, stál
Stærð: 1136 brl. 2392 bt.
Mesta lengd: 68,25 m Skráð lengd: 61,21 m
Breidd: 14 m Dýpt: 9,65 m
Vél: MaK 1999, 4320 kW 1999
Fjöldi skipverja: 18



Huginn©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2016 var Huginn VE 55 við bryggju á Eskifirði. Veður SA 4 m/s.

Skipverjar voru að taka flottroll úr nótakassa og setja það inn á flottromlu. Við þá vinnu klemmdi skipverji litla fingur hægri handar við að stýra grandara inn á tromluna.

Við rannsókn kom fram:

- að nótin var tekin upp úr nótakassa með nótaleggjara og þaðan keyrð inn á flottromluna;
- að í byrjun þurftu skipverjar að stýra efri og neðri gröndurunum inn á flottromluna til að þeir færu inn á réttan stað á henni. Við það strekktist á gröndurunum með þeim afleiðingum að skipverjinn klemmdist;
- að skipverjinn fingurbrotnaði illa og síðar var tekinn helmingur af fingrinum eftir að sýking komst í sárið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.